



Reykjavík 23. október 2018

ÚRSKURÐUR – Mál 2018/02

Stjórn KLÍ tekur sæti í Aganefnd þar sem aðildarfélög hafa ekki tilkynnt nefndaramenn fyrir tímabilið 2018 – 2019.

Umrætt mál er vegna dómarskýrslu sem barst aganefnd og stjórn þriðjudaginn 16. október s.l. frá KFR Ásynjum eftir leik þeirra gegn ÍR N mánudaginn 15. október í 5. umferð 2. deildar kvenna 2018 til 2019. Í dómarskýrslu kemur eftirfarandi fram:

“Leikmaður ÍR N (Telma) breytti yfirborði boltans eftir að leikur hafðist.”

Skýrslan er undirrituð af leikmönnum KFR Ásynja.

Óskað var eftir nánari skýringum á því hvað gerðist því við mat á málinu og hugsanlegum viðurlögum þarf að koma fram hvar í leik þetta átti sér stað. Kom þar fram að umrætt atvik átti sér stað fyrir 10. ramma í leik 2 og að leikmaður hafi sandað kúluna í gryfju með abralon púða.

Óskað var eftir skýringum frá ÍR N um málið og kom það einungis fram að viðkomandi leikmaður hafi ekki verið kunnugt um að þetta mætti ekki. Um er að ræða 10 punda plastbolta sem Telma notar.

Í lið 2.10 Keilukúla – Breyting á yfirborði í [Almennum keppnisreglum](#) er kveðið á um að óheimilt sé að breyta yfirborði kúlu eftir að leikur er hafinn. Auk þess er rækilega farið yfir þetta atriði á Dómaranámskeiðum KLÍ en skv. reglum KLÍ skal hvert lið sjá til þess að a.m.k. einn aðili liðs hafi tilskilin réttindi.

Nú eru ekki til nein ákvæði um hvað skuli gera ef leikmaður brýtur gegn þessu ákvæði. Stjórn KLÍ hefur því skv. 10. gr. c og d lið laga Keilusambandsins fundað um málið. Ljóst er að ef ekki eru til refsíákvæði gegn þessum lið almennra keppnisreglna er hætt við því að þetta verði misnotað en full ástæða er fyrir þessu banni auk þess sem getið er um að ef leikmaður breyti yfirboði kúlu skuli það gert utan gryfju og þurrkað af kúlunni.

Alþjóðareglur, sem almennar keppnisreglur okkar byggja á, vísa í sérreglur móta í þessum tilvikum. Í Evrópumótum er ákvæði þess efnis að ef leikmaður brýtur þessa reglu fær viðkomandi 0 í skor fyrir þann ramma og alla þá sem leiknir eru með kúlunni eftir það. Strangari reglur eru til í reglum WTBA sem gefa 0 skor fyrir allan leikinn.

Er það mat stjórnar að beita skuli vægari refsingu í þessu tilviki og að refsing verði að vera til staðar. Stjórn KLÍ mun auk þess leggja til við næsta keilufing að formfesta álvæði við þessu.

Úrskurðarorð

Snæfríður Telma Jónsson ÍR N fær 0 í 10. ramma 2. leiks gegn KFR Ásynjum og 0 skor í þriðja leik liðsins. Framkvæmdastjóri KLÍ breytir skráningu skors skv. þessu.

F.h. stjórnar KLÍ,
Jóhann Ágúst Jóhannsson formaður KLÍ